

**Nd.** **9. Frumvarp til laga**  
um innlánsvexti og vaxtaskatt.

Flm.: Páll Zóphóniasson.

1. gr.

Ríkisstjórninni heimilast að ákveða vexti af innlánsfé í bönkum og sparisjóðum.

2. gr.

Þegar ríkisstjórnin hefir ákveðið innlánsvexti eftir 1. gr., er öllum þeim, er eiga verðbréf, skuldabréf eða önnur bréf, er árlega gefa vexti, skylt að greiða í vaxtamiðlunarsjóð hluta af vöxtunum, eftir því sem nánar er fyrir mælt í lögum þessum.

3. gr.

Vaxtabréfaskattur sá, sem um ræðir í 2. gr., skal vera það há, að eigendur bréfanna fái aldrei hærri vexti af fé sínu en  $1\frac{1}{2}\%$  yfir venjulega sparisjóðsvexti. Það, sem bréfin gefa hærri vexti, skal greiða í rikissjóð.

4. gr.

Lögreglustjórar — í Reykjavík tollstjóri — ákveða og innheimta vaxtabréfaskatt, og skal hvert skuldabréf sýnt þeim árlega, um leið og skatturinn er greiddur, og þeir þá merkja það sérstökum stimpli, er sanni sýningu og greiðslu skattsins.

5. gr.

Lögreglustjóri getur falið stjórnnum stofnana, sem gefið hafa út flokka af verðbréfum, að framkvæma fyrir sína hönd stimplun þeirra bréfa, sem þær hafa gefið út, og innheimta af þeim vaxtaskattinn samkvæmt 3. gr.

6. gr.

Vanræki einhver að greiða vaxtaskatt og láta stimpla skuldabréf árlangt, skal greiða skattinn 10-faldan fyrir hvert ár, er skattgreiðsla dregst.

7. gr.

Undanþegnir vaxtaskatti eru vextir af þeim skuldabréfum, sem eru eign erlendra manna, enda sé það sannanlegt og skuldabréfin þinglesin eign þeirra áður en ár er liðið frá staðfestingu laga þessara.

8. gr.

Þinglesning skuldabréfa, sem vexti gefa og vaxtaskatt ber að greiða af eftir lögum þessum, hefir því aðeins áframhaldandi gildi, að bréfið sé sýnt og stimplað árlega eftir lögum þessum (4. og 5. gr.).

9. gr.

Lög frá 7. maí 1928, nr. 20, um þinglýsingu, falla úr gildi að því leyti sem þau koma í bága við þessi lög.

Fyrir þinglestur bréfa þeirra, sem um ræðir í 7. gr., skal ekki greiða þinglestrargjald.

10. gr.

Vaxtamiðlunarsjóð skal ávaxta í Landsbanka Íslands. Stjórn hans skal skipuð þrem mönnum, sínum frá hverjum banka, Landsbankanum, Útvegsbankanum og Búnaðarbankanum. Reikningsár vaxtamiðlunarsjóðs skal vera almanaksárið, og skal endurskoða reikninga hans með reikningum Landsbankans.

11. gr.

Tekjum vaxtamiðlunarsjóðs skal árlega verja til þess að lækka fasteignaveðslánavexti í landinu, og skal gera það hlutfallslega jafnt í öllum hönkum og sparisjóðum, og jafnt af eldri lánum og lánum, er veitt verða eftir að lög þessi öðlast gildi.

12. gr.

Brot á lögum þessum varða sektum til rikissjóðs, frá 100—1000 kr., nema þyngri refsing liggji við að lögum. Með brotin skal fara sem almenn lögreglumál.

13. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp líkt þessu var flutt á síðasta þingi, en dagaði þá uppi. Fylgdi frv. þá svo hljóðandi greinargerð:

„Það mun ekki fjarri, að atvinnuvegir okkar styðjist við 170 milljónir af lánsfé, auk þess sem framleiðendur sjálfir eiga í framleiðslutækjunum. Þetta fé er atvinnuvegunum ætlað að ávaxta og útlánsvextir frá 4½ og upp í 7% og jafnvel hærri.

Af lánsfé atvinnuveganna eru um 60 milljónir (tæpar) sparifé landsmanna sjálfra, og er það af bönkum og sparisjóðum ávaxtað með 4 til 4½%.

Háværar raddir hafa heyrzt um það, að útlánsvextir þurfi að lækka. Byggjast þær á því, að atvinnuvegir gangi nú svo erfiðlega, að ekkert samræmi sé milli afkomu þeirra annarsvegar og vaxtatekna sparifjäreigenda hinsvegar.

Í öllum okkar nágrannalöndum sýna opinberar skýrslur, að landbúnaðurinn þar ávaxtar höfuðstólinn, sem bundinn er í honum, með tæpum og liðugum 2%, að hæst 2,8.

Hér á landi er þetta fyrst rannsakað nú nýlega. Guðmundur Jónsson kennari á Hvanneyri hefir unnið úr 16 búreikningum (maí 1932 til maí 1933), 10 úr Borgarfirði, 1 úr Snæfellsnessýslu, 1 úr Skagafjarðarsýslu, 1 úr Eyjafirði, 1 úr S.-Þingeyjarsýslu, 1 úr A.-Skafafellssýslu og 1 úr Árnessýslu. Niðurstaðan er sú, að höfuðstóllinn er vaxtaður með 3%. En í þessum samanburði er rétt að benda á það, að þegar athugað er, hverjir þessir bændur eru, þá má fullyrða, að þessi prósentu er til muna hærri en vera mundi, ef hagur fleiri bænda úr fleiri sýslum væri athugaður. Það mun því mega segja, að landbúnaðurinn ávaxti höfuðstólinn, sem í honum stendur, hér á landi líkt og annarsstaðar.

Eftir þeim upplýsingum, er fyrir liggja um afkomu sjávarútvegsins, er ekki hægt að ætla, að hann sé nú færari um að ávaxta höfuðstól með háum vöxtum, og mun mega ætla, að ástand hans sé ekki betra en landbúnaðarins. (Sbr. skýrslu millipinganevndar í sjávarútvegsmálum).

Um iðnaðinn mun mega segja svipað. Það er því alveg sýnt, að enginn af þeim atvinnuvegum — nema kannske verzlunin —, sem hér eru, er fær um að borga þá vexti, sem nú er krafizt, og greiðsla þeirra, þá krafizt er, gerir halla á atvinnurekstrinum. Jafnframt er líka vist, að væri mögulegt að lækka vextina, þá mundi afkoma atvinnuveganna verða miklum mun betri og nýtt líf færast í þá, atvinna aukast, og atvinnuleysið minnka eða hverfa.

Þetta frumvarp er til þess samið og fram borið að reyna að finna leið til að lækka vextina og koma aftur á samræmi milli vaxtatekna peningamanna og atvinnutekna alls almennings.

Sú leið er farin, að heimila ráðherra að ákveða innlánsvexti, og er þá gert ráð fyrir, að þeir verði **lækkaðir verulega**.

Til þess að fyrirbyggja, að menn taki fé sitt út úr sparisjóðum og bönkum og verji því til verðbréfakaupa eða privat útlána, til þess á þann hátt að ávaxta þá hærra, er gert ráð fyrir því, að af engu skuldabréfi eða skuldaviðurkenningu megi taka hærri vexti en  $1\frac{1}{2}\%$  fram yfir venjulega innlánsvexti, eins og þeir eru ákveðnir af ráðherra á hverjum tíma, en það, sem þar er fram yfir, renni í rikissjóð.

Vegna framtíðarverðbréfasölu hefir mér þó þótt rétt að láta vexti þá, er erlendir menn eiga að fá hér af skuldum sínum, vera undanþegna verðbréfa-skatti“.